

**Bréf formanns Foreldrafélags Fossvogsskóla dags. 26. febrúar 2020 til íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis.**

Góðan dag,

Ég vil gjarnan koma á framfæri við ráðið meðfylgjandi athugasemdum frá foreldrafélagi og skólaráði Fossvogsskóla, sem sendar voru Strætó bs. vegna hugmynda þeirra um opnun Stjörnugrófar yfir í Kópavog.

Að okkar mati verður ekki við unað að opna fyrir umferð stórra ökutækja, sem kljúfa myndi hverfið í tvennt og draga verulega úr öryggi barna í hverfinu, líkt og lesa má í innlögðum athugasemdum. Hugmyndir um sérofnun fyrir vagna standast heldur ekki skoðun ef tekin er með reynsla í öðrum hverfum, t.a.m. Grafarvogi. Hlið bila mánuðum saman og eru skilin eftir opin fyrir umferð allra. Einnig bendum við á að Reykjavík og Kópavogur hafa þegar sammælt um að ekki sé opnað fyrir akstursleiðir á milli sveitarfélaga nema í gegnum viðurkenndar stofnbrautir, sbr. aflagða hugmynd um tengingu á milli efri byggðar Kópavogs og Jaðarsels fyrir nokkrum árum.

Við óskum eftir að íbúaráð sýni stuðning við börn hverfisins í verki og gefi umræddri hugmynd neikvæða umsögn.

Með kveðju,  
Karl Óskar Þráinsson  
formaður foreldrafélags Fossvogsskóla